



Viðmiðunarreglur fyrir frístundaheimili í grunnskólum Akureyrarþégar

Eftirfarandi reglur eru ætlaðar sem leiðarvísir fyrir umsjónarmenn frístundaheimila, skólastjórnendur grunnskóla, fræðslu- og lýðheilsusvið, fræðslu- og lýðheilsuráð og aðra stjórnendur Akureyrarþégar. Endurskoða skal þessar reglur árlega eða í upphafi hvers skólaárs og er það á ábyrgð skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs.

Almennt

- Frístundaheimilin fylgja [Viðmiðum um gæði frístundastarfs](#) sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út 2019.
- Frístundaheimilin eru mikilvægur þáttur af skólastarfinu og fylgja heildarstefnu viðkomandi skóla, [barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#), [Menntastefnu Akureyrarþégar](#) og stefnu um málefni frístundaheimila í grunnskólum Akureyrarþégar.
- Viðmiðunarreglur þessar eiga við um frístundaheimilin í Brekkuskóla, Oddeyrarskóla, Lundarskóla, Glerárskóla, Síðuskóla, Giljaskóla og Naustaskóla. Ekki eru rekin frístundaheimili í Hlíðarskóla né Hríseyjarskóla.
- Frístundaheimilin eru starfrækt fyrir öll börn í 1.-4. bekk í ofangreindum grunnskólum.
- Umsjónarmenn frístundaheimila hafa forystu um mótun frístundastarfsins og leitast við að innleiða faglega starfshætti.
- Umsjónarmenn frístundaheimila stýra starfsemi frístundaheimila og heyra undir skólastjórnendur viðkomandi grunnskóla.
- Skólastjórnendur bera ábyrgð á rekstri og mönnun frístundaheimilanna.

Þjónusta og starfsemi

- Starfstími frístundaheimila miðast við skólaárið samkvæmt skóladagatali viðkomandi skóla.
- Daglegur opnunartími er frá því kennslu yngstu barnanna lýkur á daginn til kl. 16:15.
- Í haust-, jóla- og páskafríum eru frístundaheimilin opin alla þá daga frá kl. 08:00-16:15. Í vetrarfríum er opnunartími frístundaheimila frá kl. 13:00-16:15. Á flestum starfsdögum kennara og á þeim dögum sem foreldraviðtöl fara fram í skólum eru frístundaheimilin opin allan daginn fyrir þau börn sem eru skráð í lengda viðveru.
- Ef gera þarf breytingar á opnunartíma frístundaheimila skal auglýsa þær tímanlega og í samvinnu við skólastjóra viðkomandi skóla.
- Frístundaheimilin hafa að jafnaði tíu skipulagsdaga yfir skólaári, átta til níu daga sem deilast niður á upphaf og lok skólaárs og svo einn til þrjá daga sem

dreifast yfir skólaárið. Eru þessir dagar ætlaðir undir skipulag á faglegu starfi t.d. fundi, fræðslu og fleira.

- Mikilvægt er að skólastjórnendur, í samráði við umsjónarmenn, taki sérstaklega frá tíma á skipulagsdögum á haust- og vordögum til undirbúnings starfsmanna frístundaheimila.
- Umsjónarmenn frístundaheimila eiga að geta átt þess kost að funda með starfsmannahóp frístundaheimila fyrir opnun, allt að tvisvar á önn í að minnsta kosti klukkutíma í senn, ef þess þarf. Umsjónarmaður þarf að óska eftir slíkum fundi við skólastjórnendur tímanlega.
- Umsjónarmenn frístundaheimila í samráði við skólastjórnendur viðkomandi skóla ákveða hvaða dagar verða skipulagsdagar þegar verið er að vinna skóladagatalið og eru þeir dagar merktir sérstaklega.
- Börn á frístundaheimilum eiga kost á máltíðum í hádegi og síðdegishressingu. Máltíðir eru með sama sniði á öllum frístundaheimilum Akureyrarbæjar.
- Gert er ráð fyrir að verð á máltíðum á frístundaheimilum standi undir kostnaði við þær.
- Þar sem því verður komið við, er ákjósanlegt að starfsfólk frístundaheimila mæti tímanlega fyrir opnun frístundaheimilanna (t.d. 15 mínútum). Er sá tími hugsaður til samráðs og skipulags starfsfólks frístundaheimila áður en börnin mæta.
- Samfella skal vera í þjónustu, ráðgjöf og stuðningi vegna barna með sérþarfir.

Gjaldskrá

- Foreldrar/forráðamenn greiða samkvæmt gildandi gjaldskrá sem finna má á [heimasíðu Akureyrarbæjar](#).
- Fyrir nýbúa (t.d. börn á flóttu) eru veittur einn gjaldfrjáls mánuður á frístundaheimilum við komuna til landsins. Eftir það er hægt að sækja um tekjutengdan afslátt.
- Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á skráningu er einn mánuður. Ef óskað er eftir breytingu á dvalartíma þarf að skrá það rafrænt fyrir 20. hvers mánaðar í [frístundavefinn Völu](#). Er sú breyting á ábyrgð foreldra/forráðamanna.
- Ef til vanskila kemur á greiðslum vegna frístundaheimila skal fylgja innheimtuleglum og innheimtuferli sveitarfélagsins ([sjá fylgiskjal 1](#) og [fylgiskjal 2](#)).
- Umsjónarmenn frístundaheimila hafa aðgang að skráningarkerfinu Völu og samþykkja umsóknir sem þangað berast inn.
- Innheimtufulltrúi er kerfisstjóri Völu frístund.
- Umsjónarmenn frístundaheimila eru tengiliðir við innheimtufulltrúa.

Húsnæðismál og aðbúnaður

- Húsnæði og útileiksvæði skulu vera örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs, jöfnum tækifærum og ólíkum þörfum allra barna þar sem jafnt aðgengi hentar öllum.
- Frístundaheimili skulu eiga sitt heimasvæði innan skólans.
- Í samvinnu við skólastjórnendur, kennara og/eða íþróttafélög eiga umsjónarmenn frístundaheimila að fá afnot eins og kostur er af öðrum rýmum (s.s. íþróttasal, heimilisfræðistofu, list- og verkgreinastofu o.fl.) til að auka fjölbreytni í daglegu starfi barnanna.
- Mikilvægt er að næg rými og stofur séu til staðar fyrir börn og starfsmenn frístundaheimilanna svo hægt sé að skipta hópnum upp eftir þörf.
- Hafa ber í huga að það gæti þurft að fjölga rýmum þegar ekki er hægt að fara í útiveru t.d. vegna veðurs.
- Skólastjórnendur bera ábyrgð á innra skipulagi skólans þar með talið staðsetningu og stærð frístundaheimilisins og aðgengi þess að öðrum rýmum skólans.
- Ef takmarka þarf fjölda barna eiga yngstu börnin að njóta forgangs.
- Umsjónarmenn frístundaheimila hafa umboð til að endurnýja leikföng í samráði við skólastjórnendur. Mikilvægt er að leikföng séu yfirfarin reglulega og skipt út eftir þörfum með öryggis- og heilsufarslegu sjónarmiði að leiðarljósi.
- Umsjónarmenn frístundaheimila skulu tryggja að frístundaheimilin hafi farsíma til afnota til að vera aðgengileg öllum stundum á meðan frístundaheimilin eru opin.

Mannauður

- Umsjónarmaður frístundaheimilis skal vera með háskólapróf í tómstunda- og félagsmálafræði, kennarapróf, uppeldismenntun eða sambærilega menntun.
- Ákjósanlegt er að á hverju frístundaheimili starfi einn uppeldismenntaður starfsmaður auk umsjónarmanns.
- Við móttöku nýs umsjónarmanns frístundaheimilis skal skólastjóri fylgja móttökuáætlun viðkomandi grunnskóla og upplýsir innheimtufulltrúa og umsjónarmenn frístundaheimila í öðrum skólum. Umsjónarmenn boða þá til fundar og kenna viðkomandi á Völu-frístund, fara yfir verklagsreglur og fleira.
- Umsjónarmaður frístundaheimilis er undanskilin viðmiðun fjölda barna per. starfsmann.
- Starfshlutfall umsjónarmanns er 70%, nema í Oddeyrarskóla þar sem það er 60%.
- Stöðugildum er úthlutað til frístundaheimila í fjárhagsáætlun miðað við fjölda barna í árgangi í hverjum skóla með teknu tilliti til nýtingarhlutfalls í frístund frá fyrra skólaári með teknu tilliti til nýtingarhlutfalls vistunartíma (ca 70%). Út frá því

er miðað við 15 börn per starfsmann. Viðbótarþjónusta og forstöðumaður er undanskilin þessari tölu.

- Sérstök úthlutun er vegna viðbótarþjónustu til barna. Er sú úthlutun unnin á fræðslu- og lýðheilsusviði í samráði við skólastjórnendur samhliða vinnu við fjárhagsáætlun.
- Við lágmarksstarfsemi frístundaheimila þarf að jafnaði 2 starfsmenn.
- Frístundaheimilum er heimilt að upplýsa forráðamenn ef einungis þrjú eða færri börn ætla að nýta sér lengda viðveru. Einnig er þeim heimilt að sammælast við önnur frístundaheimili um að hafa sameiginlega opnun á þessum dögum.
- Frekari upplýsingar um hlutverk umsjónarmanns er að finna í viðkomandi starfslýsingu.

Endurmenntun og samstarf

- Veita skal starfsfólki frístundaheimila endurmenntun árlega og skal nýta skipulagsdagana til þess. Þessum dögum má skipta upp í hálfra daga.
- Skólastjórnendur í samráði við umsjónarmenn frístundaheimila skulu tryggja að allir starfsmenn sækji skyndihjálp að lágmarki á tveggja ára fresti og eru þau námskeið skipulögð í samvinnu við skólastjóra viðkomandi skóla.
- Önnur fræðsla er skipulögð í samvinnu við skólastjórnendur viðkomandi skóla og/eða starfsfólk á skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs.
- Umsjónarmenn frístundaheimila á Akureyri skulu halda reglubundna, mánaðarlega samráðsfundi þar sem málefni frístundaheimila eru rædd og upplýsingum miðlað á milli.
- Umsjónarmenn frístundaheimila á Akureyri eru hvattir til að vera í samskiptum við aðra umsjónarmenn frístundaheimila á Íslandi.

Samþykkt á 51. fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs 29. apríl 2024